

Fréttabréf Þjóðræknisfélags Íslendinga

Desember 2013 3. tbl.

Fyrsti fundur Heiðursráðs ÞFÍ (forsíða)

Heiðursráð ÞFÍ hélt sinn fyrsta fund í fundarherbergi háskólaráðs Háskóla Íslands 12. nóvember 2013. Tilgangur heiðursráðsins er að efla tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi og treysta fjárhagsstöðu félagsins. Á fundinum var m.a. rætt um aukið samstarf íslenskra háskólastofnana við Háskólann í Manitobaháskóla og aðra háskóla í Vesturheimi. Kannaður verður áhugi háskólastúdenta á að sinna sérstökum verkefnum er tengjast íslenskri menningararfleifð í Vesturheimi. Þá greindi Vigdís Finnbogadóttir að ætlunin væri að leiklesa eitthvað af leikverkum Guttorms J. Guttormssonar síðla árs 2014 í Reykjavík undir stjórn Sveins Einarssonar í samvinnu við Heather Ireland dótturdóttur Guttorms. ÞFÍ mun koma að undirbúningi þess verkefnis. Dr. Guðrún Nordal forstöðumaður stofnunar Árna Magnússonar gerði grein fyrir hugmyndum um skráningu íslenskra handrita og handritabrota í Manitoba. Fundurinn samþykkti að beina því til þjóðræknifélaganna vestan hafs að þau aðstoði við verkið eins og kostur er.

Myndatexti: Fyrsti fundur Heiðursráðs Þjóðræknisfélagsins. Frá vinstri: Steinn Logi Björnsson, Halldór Árnason, Atli Ásmundsson, Vigdís Finnbogadóttir, Svavar Gestsson, Agnes M. Sigurðardóttir, Kristín Ingólfssdóttir, Gylfi Arnbjörnsson, Björgólfur Jóhannsson og Guðrún Nordal.

Sunna Pam Furstenau með fyrirlestur í Háskóla Íslands (forsíða)

Vestur-Íslendingurinn Sunna Pam Furstenau frá Fargo í Norður Dakota mun halda fyrirlestur í hátíðarsal Háskóla Íslands í hádeginu þriðjudaginn 7. janúar nk. Sunna mun fjalla um þýðingu þess fyrir Íslendinga að varðveita íslensku arfleifðina í Norður Ameríku og hvernig til hefur tekist að vekja áhuga yngri kynslóðar á að tengjast afkomendum íslensku landnemanna í Noður-Ameríku. Sunna hefur helgað sig auknum tengslum Íslendinga og Vestur-Íslendinga og hefur haldið fyrirlestra um það efni víðs vegar um landið. Fyrirlesturinn er öllum opin og félagsmenn ÞFÍ eru hvattir til að taka með sér gesti.

(Mynd af Sunnu, Halldóri og David)

Heiðursráð Þjóðræknisfélagsins (Innsíða)

Á Þjóðræknisþingi 2013 var tilkynnt um skipan eftirtalinna einstaklinga í heiðursráðs þjóðræknisfélagsins:

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands
Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands
Almar Grímsson, fyrrv. formaður Þjóðræknisfélagsins
Atli Ásmundsson, fyrrv. aðalræðismaður Íslands í Winnipeg
Birna Bjarnadóttir, prófessor við Háskólann í Manitoba
Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins
Davíð Gíslason, skáld og bóndi í Manitoba
Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands
Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands
Magnús Ólafsson, forystumaður í íslenska samfélaginu í N-Dakóta
Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri PFAFF
Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi
Steinn Logi Björnsson, forstjóri
Svavar Gestsson, fyrrv. ráðherra og er hann formaður ráðsins.

Afar fjölsótt Þjóðræknisþing að Hotel Natura (innsíða)

Þjóðræknisþing var haldið á Hótel Natura 25. ágúst 2013 að viðstöddum rúmlega 200 þátttakendum. Meðal þeirra sem ávörpuðu þingið voru Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, sendiherrar Bandaríkjanna og Kanada á Íslandi og Ron Goodman, forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi

Egil Helgason fjölmiðlamaður sagði frá heimsókn sinni á slóðir Vestur-Íslendinga. Gail Einarson-McCleery sagði frá uppbyggingu Snorra West verkefnisins og ungir íslenskir þátttakendur í verkefninu sögðu frá ferð sinni á Íslendingaslóðir í júlí sl.

Að loknu kaffi hléi greindi ljóðskáldið og héraðshöfðinginn David Gislason frá Árborg í Manitoba frá Litla íslenska bókmenntafélaginu í Manitoba. Þinginu lauk með erindi Sunnu Furstenau sem fjallaði um þá lífsfyllingu sem áhugi hennar á íslenskum rótum sínum hefur fært henni.

Á milli dagskrárliða voru tónlistaratriði. Kanadíska messo-sópran söngkonan Christine Antenbring söng við undirleik undirleik hins þekkta píanóleikara Mikhail Hallak. Einnig söng Sigrún Stella Bessason við gítarundirleik.

Vaxandi fjöldi ungra sem aldna hefur orðið fyrir einstæðri upplifun við að kynnast frændfólki eða nýjum vinum í annarri heimsálfu sem fagna þeim eins og um náin ættmenn sé um að ræða. Eitt af markmiðum Þjóðræknisfélagsins er að tengja yngri kynslóðir á Íslandi jafnöldum sínum í Vesturheimi. Meðal þeirra sem sóttu þingið voru 20 Vestur-Íslendingar þátttakendur í tveggja vikna verkefni sem nefnist Snorri Plus.

(Tvær myndir frá þinginu)

Almar og Atli nýir heiðursfélagar Þjóðræknisfélags Íslendinga (innsíða)

Á Þjóðræknisþingi sem var haldið á Hótel Natura 25. ágúst voru Almar Grímsson og Atli Ásmundsson gerðir að heiðursfélögum ÞFÍ sem viðurkenningu fyrir frábært starf fyrir félagið á undanförunum árum. Aðrir heiðursfélagar ÞFÍ eru þau Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti, David Gislason í Árborg Manitoba og Magnus Olafson í Mountain, Norður Dakota.

Almar var formaður ÞFÍ í tæp 8 ár. Í formannstíð hans óx Þjóðræknisfélaginu mjög fiskur um hrygg enda Almar sístarfandi fyrir félagið. Segja má að Almar sé faðir Snorraverkefnanna. Hann var í forystu að koma þeim á fót árið 1999 og nú hafa um 400 einstaklingar tekið þátt í þeim. Hann hefur lagt áherslu á að efla tengsl við Íslendingafélögin í Norður Ameríku. Í þakklætisskyni gerði Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi Almar að heiðursfélaga sínum árið 2011.

Atli Ásmundsson hefur sem aðalræðismaður í Winnipeg í rúm 9 ár átt stóran þátt í endurreisn samstarfs milli Íslands og Nýja Íslands. Eitt þeirra verkefna sem Atli hafði forgöngu um að koma á fót í Winnipeg er listahópin NunaNow, sem samanstendur af ungu listafólki af íslenskum uppruna sem í samstarfi við ungt íslenskt listafólk hefur staðið fyrir margs konar viðburðum undanfarin ár í Kanada og Reykjavík. Á Ljósunótt, í kvöldverðarhófi sem tímaritið Lögberg-Heimskringla stóð fyrir í janúar sl. að viðstöddum helstu fyrirmönnum Manitoba fylkis voru Atli og Þrúður kona hans heiðruð fyrir einstaklega öflugt og farsælt starf meðal Vestur-íslenska samfélagsins í Kanada.

(mynd af Almari og Atla ásamt mökum)

Walter Sopher látinn (innsíða)

Vestur-Íslendingurinn Walter Sopher, fyrrverandi forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og félagsins Norðurljósa í Edmonton lést í Edmonton 12. nóvember sl., áttæður

að aldri. Minningarathöfn um Walter var haldin í Edmonton 22. nóvember sl. Walter lét allt sem íslenskt var sig miklu varða. Hann reif íslensk-kanadíska félagið Norðurljós í Edmonton upp úr dvala og meira en tvöfaldaði fjölda félagsmanna á fáum árum. Í samstarfi við Julie eftirlifandi konu sína stofnaði hann netverslunina Icelandic Goods by Brendan og seldu íslenskra vörur um alla Norður-Ameríku og víðar. Á þjóðræknisþinginu í Calgary 2008 var Walter heiðraður fyrir óeigingjarnt starf í þágu Þjóðræknisfélagsins.

(Mynd af Walter og Ken Thorlaksson)

Birgitta Wallace til Íslands á vegum IVP. (baksíða)

Hin þekkti sérfræðingur í fornleifarannsóknum Birgitta Wallace kemur til Íslands á vegum International Visit Program og Þjóðræknisfélagsins í lok mars 2014 og halda erindi um landnám Íslendinga og Vínland. Fyrirlestrarnir verða haldnir í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.

Birgitta starfaði með Helge Ingstad að uppgrefti sem fram fór á L'Anse aux Meadows um og eftir 1960 og stjórnaði síðasta uppgrefti sem þar fór fram og hefur birt niðurstöður víðtækra rannsókna þaðan. Hún stjórnaði einnig uppbyggingu Víkingasafnsins þar. Wallace hefur sett fram rökstuðning fyrir staðsetningu á ýmsum stöðum sem nefndir eru í Eiríkssögu rauða og Grænlandabók. Þannig telur hún að Straumfjörður, Leifsbúðir og L'Anse aux Meadows sé einn og sami staðurinn. Ennfremur að Helluland og Markland séu Baffinseyja og Labrador.



Nýr verkefnastjóri Snorrasjóðs (baksíða)

Ásta Sól Kristjánsdóttir verkefnastjóri Snorrasjóðs mun verða í fæðingarorlofi stærstan hluta árs 2014. Stjórn Snorrasjóðs ákvað að ráða Ástrós Signýjardóttur til að gegna starfi Ástu Sólar á meðan. Ástrós var valin úr hópi yfir 60 umsækjenda um starfið. Ástrós er BA í stjórn málafræði og MA í alþjóðasamskiptum. Hún var verkefnastjóri Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var á Höfn í Hornafirði sl. sumar, en einnig var hún yngst fulltrúa sem kosin var til setu í Stjórnlagaráði árið 2010. Ástrós hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi sem m.a. varða málefni ungs fólks. Ástrós mun jafnframt sinna ýmsum verkefnum á vegum Þjóðræknisfélagsins. Netfang hennar er: astros@snorri.is
(mynd af Ástrósu)

Snorra West verkefnið (baksíða)

(Texti kemur frá Ástu Sól) Ásta láti fylgja með mynd

Lögberg-Heimskringla. (innsíða)

Félagsmönnum Þjóðræknisfélagsins býðst tækifæri til að gerast áskrifandi að tímaritinu Lögbergi-Heimskringlu www.lh-inc.ca í rafrænni áskrift fyrir 20 kanadíska dollara. Tímaritið kemur út hálfsmánaðarlega og hefur það að markmiði að rækta samskipti Vestur-Íslendinga innbyrðis og einnig samskipti þeirra við Íslendinga. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu Þjóðræknisfélagsins astros@snorri.is eða í síma 5510165.

Árþing INL of NA í Winnipeg í maí 2014

Árþing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (INL of NA) verður haldið í Winnipeg í Kanada 15.-18. maí 2014. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu samtakanna www.inlofna.org undir flípanum **Conventions**.

Jólaþveðja

Þjóðræknisfélagið óskar félagsmönnum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsælt nýtt ár. Þökkum stuðninginn á árinu sem er að líða